

Hönnun og smíði 6. bekkur lotur 2020-2021

Kennarar: Hrönn Hjartardóttir

| 6

Lýsing

Í hönnun og smíði er miðað að því að efla verkvit, þekkingu á efnum og færni í notkun handverkfærum og hvernig færa má hugmynd af blaði í fullunnið verk.

Kynning á námsgreininni

Nemendur vinna grunnverkefni sem kennari hefur valið útfært í smíðuðum hlutum eða eftir teikningu í raunstærð. Unnið eftir málsettum teikningum eða mælanlegum fyrirmyndum. Einnig er gert ráð fyrir að nemandi útfæri sjálfur sína eigin hugmynd og smíði. (Smíðaefni: Krossviður, fura, mdf, plast, harðviður)

Kennsluáætlun

Nemendum 6. bekkja er skipt í 5 hópa og fær hver hópur eina lotu (um 7. vikur) í smíði. Kennt er í 80 mínútur samfleytt í hvert skipti, þrisvar í viku.

Kennsluáferðir

Kennari beitir sýnikennslu þar sem hópnum er öllum kennt í einu. Einnig er nemendum kennt hverjum fyrir sig á þeirra borði eða í þeim vélum sem þeir hafa aðgang að.

Hlutverk og vinnulag nemendans

Nemendur mæti stundvíslega, umgangist hver annan og kennara af kurteisi og virðingu. Áríðandi er að gengið sé vel um smíðastofu og ber hverjum og einum að taka til eftir sig.

Námsmat

Námsmat fer fram með símati kennara þar sem verkefni eru metin eftir framkvæmd hugmynda, iðni, vinnubrögðum, frumkvæði, sjálfstæði, framförum og loks fullunnum verkefnum. Teikningar og hönnun nemenda í möppu eru einnig metnar til námsmats. Kennari vinnur svo sitt lokamat og birtir á Mentor í lok annar

Sel - Hönnun og smíði 6. bekkur - Handverk

- Valið og notað á réttan hátt helstu verkfæri og mælitæki.

Sel - Hönnun og smíði 6. bekkur - Hönnun og tækni

- Útskýrt hugmyndir sínar með því að rissa upp málsetta vinnuteikningu.
- Lýst hvernig tæknin birtist í nánasta umhverfi hans og almennt í samfélaginu.
- Lesið einfalda teikningu, smíðað eftir henni og unnið eftir hönnunarferli frá hugmynd að lokaafurð.
- Valið samsetningar og yfirborðsmeðferð sem hæfa verkefnum.

Sel - Hönnun og smíði 6. bekkur

- Gert grein fyrir hvort efni séu hættuleg og hvernig hægt er að endurnýta og flokka efni sem fellur til í smíðastofunni.
- Beitt líkamanum rétt við vinnu sína og sýnt rétta notkun hlífðarbúnaðar

Sel - Hönnun og smíði 6. bekkur - Tjáning og miðlun

- Tekið virkan þátt í samræðum og rökræðum og notað af öryggi viðeigandi orðaforða og hugtök.
- Hlustað af athygli á aðra og tjáð eigin hugsanir, skoðanir og þekkingu skýrt og áheyrilega.

Sel - Hönnun og smíði 6. bekkur - Skapandi og gagnrýnin

hugsun

- Verið mjög skapandi við vinnu og lausn verkefna.
- Greint mjög vel milli staðreynda og skoðana og jafnan virt skoðanir annarra.

Sel - Hönnun og smíði 6. bekkur - Sjálfstæði og

samvinna

- Unnið mjög vel eftir fyrirmælum, farið eftir leiðsögn á jákvæðan hátt og unnið mjög sjálfstætt.

Sel - Hönnun og smíði 6. bekkur - Ábyrgð og mat á eigin

námi

- Af öryggi metið námið og sett sér skýr markmið.
- Nýtt tímann mjög vel og lagt sig fram við námið af alúð.
- Lært af mistökum.